

Upplýsingar

- Þú getur hringt ef þú ert með einhverjar spurningar
- Þú getur fundið frekari upplýsingar á vef ráðgjafarinnar:
www.landspitali.is - Kvennasvið
- Ráðgjöf um getnaðarvarnir

Móttakan er opin:

Mánudaga kl. 16:00 - 19:00

Miðvikudaga kl. 16:00 - 19:00

Þú getur pantað tíma alla virka daga frá 8:00 - 16:00 og á opnunartíma móttökunnar.

Staðsetning:

Ráðgjöf um getnaðarvarnir er staðsett í kvennadeildarhúsinu við Landspítala Hringbraut á 1. hæð.

Símar: 543 3265 og 543 3266

Ráðgjöf um getnaðarvarnir


ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
KVENNASVIÐ
JANÚAR 2005

HÖFUNDAR OG ÁBYRGÐARMENN:
SÓLEY S. BENDER OG
RAGNHEIÐUR BACHMANN.

UNNIÐ Í SAMVINNU VIÐ LÆKNA MÓTTÖKUNNAR.

HÖNNUN:
GAGNASMÍÐJA/AV

LJÓSMYND:
LJÓSMYNDAVEFUR MORGUNBLAÐSINS MBL.IS



Fyrir hverja?

Ráðgjöf um getnaðarvarnir er ætluð:

Konum á öllum aldri sem hafa farið í fóstureyðingu á kvennadeild LSH og vilja geta ráðfært sig við heilbrigðisstarfsfólk um notkun getnaðarvarna.

Stúlkum 20 ára og yngri sem óska eftir fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir.

Leitaðu til ráðgjafarinnar ef þig vantar getnaðarvörn en ert ekki viss um hvað tegund hentar þér best.

Þú getur komið án þess að panta tíma en mátt vænta þess að þurfa að bíða eitthvað.

Þér er velkomið að mæta með öðrum eins og t.d. maka, kærasta, móður eða vinkonu.

Þjónusta

- Fræðsla og ráðgjöf um kynlíf og frjósemi
- Fræðsla og ráðgjöf um getnaðarvarnir
- Þungunarpróf og ráðgjöf
- Ávísun á hormónagetnaðarvarnir
- Hormónastafurinn
- Hormónasprautan
- Lykkjan
- Mátun á hettu
- Neyðargetnaðarvörn

Áherslur ráðgjafar

- Ræða við þig um getnaðarvarnir og notkun þeirra á eðlilegan hátt
 - Gefa þér tækifæri til að taka ákvörðun um notkun getnaðarvarnar
 - Skoða þínar sérþarfir varðandi notkun getnaðarvarna
 - Finna þá getnaðarvörn sem hentar þér best
 - Fylgja því eftir hvernig þér gengur að nota getnaðarvörnina
-

Notkun getnaðarvarna eftir fóstureyðingu

Ef þú ætlar að byrja að nota getnaðarvörn strax eftir fóstureyðingu ráðfærðu þig þá við lækinn, sem skoðar þig fyrir aðgerðina.

Hægt er að byrja að nota pilluna, hormónasprautuna, hormónahringinn eða hormónaplásturinn sama dag og aðgerðin er framkvæmd.

Viljir þú nota lykkju eða hormónastaf eftir aðgerðina er hægt að setja þá getnaðarvörn upp í aðgerðinni, stuttu eftir hana eða við næstu blæðingar.

Eftir fóstureyðingu getur þú fljótlega orðið þunguð aftur.
